

## Stjórnarfundur Félags hrossabænda

haldinn í Bændahöllinni fim. 6.11.2014 kl. 17

Mættir voru allir stjórnarmenn: Sveinn Steinarsson formaður, Sigbjörn Björnsson varaformaður, Vignir Sigurðsson gjaldkeri, Magnús Jósefsson ritari, Eysteinn Leifsson og Hulda G. Geirsdóttir framkvæmdastjóri sem ritar fundargerð.

Sveinn setti fundinn og gengið var til dagskrár. Fyrst var farið í **undirbúning fyrir aðalfund** morgundagsins. Tillögur að starfsmönnum fundarins og nefndarformönnum ræddar.

Rætt um megin verkefni fundarins og þau mál sem þarf að ræða.

Sigbjörn mun leiða ræktunarnefndina, Eysteinn allsherjar- og markaðsnefnd og Vignir fjárhagsnefnd. Að hefðbundnum nefndarstörfum loknum munu nefndirnar svo sameinast í umræðu um aðkomu kynbótahrossa og ræktenda að landsmótum. Sveinn mun leiða þá vinnu. Björn Magnússon og Helgi Eggertsson taka að sér fundarstjórn og Hulda mun rita fundargerð.

Farið yfir nokkur mál sem stjórn óskar eftir umræðu um og þeim beint inn í mismunandi nefndir.

Rætt um **stjórnarkjör**. Kjósa þarf tvo stjórnarmenn til þriggja ára og þrjá varamenn til eins árs. Eysteinn kom inn í stað Ólafs Einarssonar í lok síðasta árs þegar Ólafur óskaði lausnar. Kjósa þarf um Eysteinn í þetta ár sem eftir er af kjörtímabili Ólafs.

Sveinn nefndi ábendingu sem honum barst um fræðslu sem gæti gagnast félagsmönnum. Hvernig væri hægt væri að **minnka líkur á girðingartengdum slysum**? Stjórn samþykkti að skoða þetta mál áfram.

**Ný reglugerð um velferð hrossa** rædd en hún hefur nú tekið gildi. Ákveðið að hafa samband við Gunnar Ríkhartsson sem sat í nefnd er vann að reglugerðinni fyrir hönd FHB og athuga hvort að hlutar reglugerðarinnar hafi ekki borist stjórn til umsagnar.

**Equitana stórsýningin í Þýskalandi** rædd. Aðeins farið yfir stöðu mála varðandi hugsanlega þátttöku 2015. Þetta mál verður tekið til umræðu í markaðsnefndinni á morgun.

Erindi frá **Arinbirni á Brekkulæk varðandi stuðning til sýningahalds** í Þýskalandi. Fyrra samstarf við Aribjörn hefur gengið vel, en hann hefur farið með kynningarefni frá FHB á sýningar í Þýskalandi. Samþykkt að styrkja hann um 150.000 fyrir fyrri sýningarferðina en skoða framhaldið varðandi Equitana þegar ljóst verður með aðkomu FHB að því verkefni.

Aðeins rætt um **vinnuhóp varðandi landsmót** og skipun í hann. Verður litið til umræðu á aðalfundinum á morgun og skipun okkar manna í hópinn. Síðan yrði FT, fagraði, RML og kynbótadómurum boðið að skipa fulltrúa ásamt FHB.

Í lokin var Sigbjörn kvaddur og þakkað áralangt starf í þágu félagsins með smá glaðningi.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

HGG /hgg